

[<Back](#) Print

Pistilinn

Nú fer met sumri að halla að hausti og dagarnir eru farnir að stytast. Tíminn flýgur, Listahátíð, sumarfrí og menningarnót er allt fyrir bí. Þetta allt leiðir hugann að tímahugtakinu sem er svo afstætt. Sum okkur fylgjast jafnt grannt með tímanum og aðrir fylgjast með veðurfréttum. Hvorugt fyrirbærið höfum við þó áhrif á. Það er líka misjafnt hvernig hver og einn skynjar tíma og í hvaða samhengi tíminn er mældur. Ein sekúnda er langur tími ef verið er að setja heimsmet í sundi eða keppa í Formúlnni en í öðru samhengi er þessi tímaeining ekkert.

Þessi stóðugi eltingaleikur við tíma, afköst og hagnað gerir það að verkum að flest okkar eltast við að framleiða / afkasta meiru pr. tímaeiningu auk þess sem afurðin okkar þarf helst að vera ódýrari og ekki nota meira hráefni en áður. Þetta er lögmál framleiðslugreinnanna en einnig lögmál hönnunar að einhverju leyti. Vandamálið er að ef allir auka afköst eða hraða um tiltekna prósentu hagnast enginn umfram annan. Hröðun er mikilvægt hugtak þegar talað er um tíma. Aukin hröðun er að auka forskotið á keppinauta og þannig ná betri stöðu í samkeppninni. Við hjá CAD ehf. erum með hugbúnað og lausnir sem geta hjálpað hönnuðum og framleiðendum að ná betri stöðu á markaðnum - hugbúnaður og lausnir sem stytta leiðina frá hugmynd til framkvæmdar og er þar fremst í flokki Autodesk Inventor og EdgeCAM.

Uppfærslur og tilboð

Uppfærsla á AutoCAD 2005 og AutoCAD LT 2005 í 2008 með 20 % afslætti. Þetta tilboð gildir einnig fyrir 2006 og 2007 línuna. Eins og vonandi flestum er ljóst þá rennur AutoCAD 2005 sitt skeið um næstu áramót og eftir þann tíma verður ekki unnt að uppfæra.

Til 1. október er unnt að uppfæra á þessu sérlega hagstæða verði. Skilyrði er að tekin sé áskrift til eins árs.

Einnig er átak / tilboð í gangi varðandi þá notendur sem hafa dottið út úr áskrift af einhverjum ástæðum. Hafið samband við CAD ehf og leitið upplýsinga.

AutoCAD 2008 notendur sem eru í áskrift geta uppfært í **AutoCAD Electrical 2008** og eða **AutoCAD Mechanical 2008** fyrir aðeins **35.000 + vsk.** Skilyrði er að núverandi AutoCAD 2008 sé í áskrift.

Þetta tilboð stendur til 15. október 2007.

EdgeCAM 12 á leiðinni. Þann 17-22 september verður EdgeCAM 12 frumsýnt á EMO sýningin í Hannover í Þýskalandi. flestar breytingar eru á sviði 5 ára fræsingu en einnig hinn "venjulegi" notandi hagnast á útg. 12. Allar vinnslur eru mun hraðari, yfirborðið enn sléttara og áhugavert fyrir marga: EdgeCAM 12 styður Vista stýrikerfið frá Microsoft en meira um EdgeCAM þegar nær dregur.

Inventor 2008 og AutoCAD 2008 - "Student version" - er komið í hús og tilbúið til afgreiðslu.

Kennsluáætlun:

Haust og vetur er tími lærdóms og námskeiða. Kennsluáætlun CAD og lóunar fræðslumiðstöðvar er komin út og er sem hér segir:

Inventor 12 Essentials (grunnur)	07.- 08. september og 14.-15. september	Samtals 4 dagar
AutoCAD 2008 og LT 2008 Essentials	28.- 29. september og 05.-06. október	Samtals 4 dagar
Autodesk Vault Essentials	25.- 27. október	Samtals 3 dagar
AutoCAD 2008 þrívídd	19.- 20. október	Samtals 2 dagar
AutoCAD Electrical 2008 Essentials	02.- 03. nóvember	Samtals 2 dagar
Autodesk 3Ds MAX Essentials	09.- 10. nóvember og 16.- 17. nóvember	Samtals 4 dagar

Iðan fræðslusetur og CAD ehf hafa í mörg ár unnið saman að fræðslu og námskeiðahaldi í notkun á hugbúnaði frá Autodesk.

Iðan fræðslusetur er viðurkennt af Autodesk (ATC - Autodesk Training Center) og notuð eru kennslugögn frá Autodesk.

Bókun og upplýsingar up námskeiðin er í síma 590 6400 milli kl. 9 og 16.

Einnig má skrá sig á heimasíðu lóunar

<http://www.idan.is>

AutoCAD og MAX námskeiðin eru undir "Tölvunámskeið" <http://namskeid.idan.is/Namskeidaframbood.asp?SvidID=1>

en Inventor og Vault námskeiðin eru undir "Mál- og véltækni svið": <http://namskeid.idan.is/Namskeidaframbood.asp?SvidID=3>

Updates og Servicepacks:

AutoCAD 2008:

<http://usa.autodesk.com/adsk/servlet/ps/dl/index?siteID=123112&id=2334435&linkID=9240618>

AutoCAD LT 2008:

<http://usa.autodesk.com/adsk/servlet/ps/dl/index?siteID=123112&id=2334435&linkID=9240818>

AutoCAD Electrical 2008:

<http://usa.autodesk.com/adsk/servlet/ps/dl/index?siteID=123112&id=2334435&linkID=9240738>

Autodesk Inventor 2008:

<http://usa.autodesk.com/adsk/servlet/ps/dl/index?siteID=123112&id=2334435&linkID=9242019>

Athugið að þegar sótt er leiðréttingu fyrir Inventor þarf að gá hvort um er að ræða leiðrétting fyrir Inventor Pro (AIP) eða AIS (venjulegur Inventor)

Autodesk Vault 2008:

<http://usa.autodesk.com/adsk/servlet/ps/dl/index?siteID=123112&id=2334435&linkID=9261341>

Tips and tricks - Nýtt í AutoCAD 2008

Import af skráum frá öðrum CAD kerfum inn í Inventor. Á "Autodesk Labs" getur þú halað niður uppfærðri útgáfu af þýðanda - Translator Add-in - sem m.a. styður skráaform frá Solidworks, Parasolid, UG-NX, Pro/ENGINEER og GRANITE

Með þessari nýja tækni getur þú opnað skrár frá (næstum því) hvaða CAD kerfi sem er og auðvelt er að skiptast á skráum fram og tilbaka milli Inventor og annara kerfi. <http://labs.autodesk.com/>

Autodesk Freewheel.

Á þessari síðu getur þú - án þess að sækja og setja upp hugbúnað - tengst við skoðara (viewer) sem getur lesið DWF skrár. <http://freewheel.autodesk.com/developers.aspx> Með Autodesk Freewheel geturðu opnað DWF skrár og einnig sett inn skoðarann á þína heimasíðu. DWF formið er mun léttara en pdf og getur verið í tví- eða þrívídd.

Inventor partar og hjálparforrit.

Hjá Charles Bliss getur þú sótt íhluti og hjálparforrit fyrir Inventor: <http://www.cbliss.com/inventor/index.htm>

AutoCAD Start Up Switches.

Viltu ræsa AutoCAD á mismundi hátt? Þá er hægt að nota rofa (switches) í tengingu við AutoCAD ikónið á skjáborðinu (Desktop). Þegar smellt er á skjáborðstákið getur þú fengið AutoCAD til að keyra script, ræst Sheet Manager, slökkt á AutoCAD myndinni og margt fleira. Til að breyta skaltu hægri smella á AutoCAD táknið, velja Properties og fara í Shortcut flípan. Í lok "target" línuna getur þú bætt við rofarnir hér að neðan. Munið að skilja eftir bil eftir núverandi slóð og gæsalappir t.d. "C:\Program Files\AutoCAD 2007\acad.exe" /nologo. Þú getur einnig haft marga rofa - það er bara að hafa bil á milli rofa.

rofar / switches:

/drawing file name.dwg"	Þessi opnar tiltekna teikningu þegar ræst er upp
/b "script file name.scr"	Þessi keyrir script skrá í hvert skipti
/layout "drawing file name.dwg" "layout name"	Þessi opnar tiltekið "layout" - munið að skilja sundur skráanafn og layout nafn með lóðréttu striki
/ld	Ræsir ObjectARX eða ObjectDBX.
/nohardware	Gerir "hardware acceleration" óvirk.
/nologo	Gerir byrjunarmyndina (AutoCAD logóið) óvirka og eykur hraðann örliðið
/nossm	Kemur í veg fyrir að Sheet Set Manager ræstist upp.
/set "sheet set file name.dst"	Hleður inn ákveðinn Sheet Set File (þú getur búið til mörg icon fyrir mismunandi Sheet Sets).
/p "profile file name.arg"	Hleður AutoCAD með tiltekinn profile (þetta er mitt upphald)
/pl "publisher file name list.dsd"	Ræsir Publisher og meðhöndlar teikn. í listanum.
/r	Endurstillir "default system pointing devise" og býr til backup af Acad****.cfg skránni.
/t "template file name.dwt"	Bý til nýja teikningu út frá ákveðna template skrá. "drawing file name.dwg"
/v	viewname Opnar teikningu í ákveðnu viewi.
/w "workspace name"	Opnar AutoCAD í tilgreint viðmót (Workspace)

AutoCAD Keyboard Modifiers.

Þó svo að Autodesk sé alltaf að gera AutoCAD meira og meira gagnvirk (interactive) er samt bætt við fleiri og fleiri lykklaborðsstyttingum t.d.

Ctrl+Shift virkar svipað og "PressPull" skipunin.

1. Teiknið lokað 2D form, t.d. hring og breytið í 3D viewpoint.
2. Færið bendilinn inn í hringnum.
3. Haldið niðri Ctrl+Shift. (Takið eftir að AutoCAD uppljómar hringinn; á skipunarlínan er sagt: "1 loop extracted. 1 Region created.")
4. Hreyfið bendilinn. (Takið eftir að hringurinn breytist í 3D hólk.) Þessi skipun breytir sjálfkrafa hringnum í "region".

Ctrl fyrir auka eintök,

Ctrl lykíllinn er notaður í margt og getur m. a. búið til mörg eintök með sömu fjarlægð.

1. Teiknið hlut t.d. hring.
2. Veljið hringinn svo handföngin (grips) verði rauð.
3. Ýtið á bilstöngina til að fara í "Move" ham.
4. Ýtið á C til að fara í "copy" ham.
5. Hreyfið bendilinn til að sýna stefnu.
6. Sláðið inn tölu til að gefa fjölföldunar fjarlægðina.
7. Haldið niðri Ctrl lyklinum.
8. Hreyfið bendilinn og takið eftir að hluturinn hoppar til og fjölfaldast.
9. Smellið til að festa hlutinn.
10. Endurtakið að hreyfa bendilinn og smellið.
11. Þegar búið er, ýtið á Esc. Þessi aðferð er ekki takmörkuð við línulega fjölföldun og virkar einnig til að raða í hring

Tips and tricks fyrir AutoCAD Electrical:

Hjá Aceri í Bretlandi er hægt að nálgast tips og tricks fyrir Electrical - [hér](#) .

Hér er að finna allskonar tips og tricks sem væri of langt mál að fara yfir hér og nú.

Ég kveð að sinni

f.h. **CAD ehf**

Finnur P. Fróðason

[Forward email](#)

 **SafeUnsubscribe®**

This email was sent to finnurp@cad.is by finnurp@cad.is.
[Update Profile/Email Address](#) | Instant removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).

Email Marketing by



CAD ehf | Skípholt 50 A | Reykjavík | IS-105 | Iceland